

Aðgerðaáætlun Umhverfisstofnunar

Hér að neðan má sjá aðgerðaáætlun Umhverfisstofnunar fyrir árin 2020-2022 í umhverfis- og loftslagsmálum. Auk markmiða sem snúa beint að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) setur stofnunin sér markmið til að draga úr öðrum neikvæðum umhverfisáhrifum, svo sem varðandi innkaup, úrgangsmál, samgöngusamninga, umhverfis- fræðslu og fleira. Aðgerðaáætlun er endurskoðuð árlega.

	ÁHERSLUR	MARKMIÐ	AÐGERÐIR	TÍMARAMMI / ÁBYRGÐ
ORKUNOTKUN	Hugum að orkusparnaði og drögum úr losun GHL vegna orkunotkunar	Fylgjumst með heitavatnsnotkun í höfuðstöðvum	Fræðum starfsmenn til að fyrirbyggja hátt stillta ofna og opna glugga á sumrin. Fylgjumst sérstaklega með heitavatnsnotkun vegna snjóbræðslu.	2020-2022 ● 2020-2022 ●
		Drögum úr losun GHL vegna rafmagnsnotkunar í höfuðstöðvum um 20%	Fylgjum eftir athugun á mikilli rafmagnsnotkun í höfuðstöðvum. Fylgjumst með orkunotkun vegna loftræsikerfis. Hvetjum starfsmenn til að hafa ljós ekki kveikt að óþörfu og minnum á að slökkva ljós í herbergjum þar sem viðvera er lítil. Límmiðar Grænna skrefa þess efnis verða hengdir upp og tölvupóstar sendir út til áminningar.	2020 ● 2020-2022 ● 2020-2022 ●
ÚRGANGUR	Aukum endurvinnslu og drögum úr úrgangsmyndun og losun GHL vegna úrgangs	Drögum úr losun GHL vegna úrgangs um 20%	Sjá aðgerðir hér að neðan:	2020-2022 ●
		Að matarsóun í mötuneyti á S24 verði ekki meiri en 10%	Mælum matarsóun í mötuneyti á S24 yfir tveggja vikna tímabil árlega. Mælingarnar eru tvenns konar; annars vegar magn matar sem skilað er til baka til mötuneytisþjónustu og hins vegar magn lífræns úrgangs í matsal.	2020-2022 ●
			Biðjum umsjónarmann eldhúss á S24 að geyma ferskt salat í ísskáp þegar því verður komið við svo hægt sé að nota það daginn eftir.	2020 ●
			Setjum skýrari leiðbeiningar upp í mötuneyti á S24 um talningar á diskum, skráningu í mat og hvernig best er að draga úr matarsóun.	2020 ●
		Endurvinnsluhlutfall verður 95%	Gerum skýrari flokkunarleiðbeiningar fyrir starfsfólk og gesti á öllum starfsstöðvum þar sem fram kemur hvar flokkunartunnur er að finna og hvernig skal flokka. Leiðbeiningar sýnilegar í matsal/á kaffistofum, á öllum hæðum og á innri vef.	2020 ●
			Gerum einföld skýringarmyndbönd um flokkun.	2020-2021 ● ●
			Sýnum starfsfólki reglulega myndir af hlutum sem ratað hafa í tunnur fyrir óflokkaðan úrgang en henta vel til endurvinnslu og leiðbeinum með hvaða hætti þeir skuli flokkast.	2020-2022 ●
			Sjám til þess að nýjir starfsmenn í eldhúsi á S24 séu fræddir um flokkun úrgangs á starfsstöðinni.	2020-2022 ● ●
			Gerum tunnur fyrir óflokkaðan úrgang óaðgengilegri. Förum yfir hvar þær eru staðsettar og fjarlægjum þær sem óþarfar eru.	2020 ●
			Förum í flokkunaráttak yfir ákveðið tímabil á öllum starfsstöðvum þar sem fyrirfram ákveðnu endurvinnsluhlutfalli skal vera náð.	2020-2022 ●
		Pappírnotkun verður 5 kg á stöðugildi á árinu	Fáum yfirlit yfir úrganginn á þriggja mánaða fresti frá Terra og tryggjum þannig betra viðbragð.	2020 ● ●
			Vigtum úrgang á starfsstöðvum á landsbyggðinni í 1-2 vikur árlega svo úrgangstölur fyrir allar starfsstöðvar séu til.	2020-2022 ●
Mótum verklag svo að rafrænum erindum sé svarað rafrænt án þess að það þurfi að koma til þess að prenta út bréf sem óþarfi er að eiga á pappír.	2020 ●			
Tökum saman upplýsingar um prentun eftir teyminum, fá teymin til að fara yfir niðurstöðurnar á teymisfundum og ræða hvar sé svigrúm til að draga úr prentun.	2020 ●			
Skjölun verði aðeins rafræn nema í tilfellum þar sem pappírseintaks er sérstaklega krafist.	2020 ●			

- UMHERFISRÁÐ
- GÆÐASTJÓRI
- TEYMI GÆÐA, GAGNA OG UPPLÝSINGA
- MANNAUÐSSTJÓRI
- FÖRSTJÓRI
- TEYMI GRÆNS SAMFÉLAGS
- TEYMI REKSTRAR OG FJÁRMÁLA
- YFIRSTJÓRN

Aðgerðaáætlun Umhverfisstofnunar

Bls. 2

	ÁHERSLUR	MARKMIÐ	AÐGERÐIR	TÍMARAMMI / ÁBYRGÐ
ÚRGANGUR FRH.	Aukum endurvinnslu og drögum úr úrgangsmyndun og losun GHG vegna úrgangs - frh	Heildarmagn úrgangs á stöðugildi dregst saman um 20%	Húsgögn stofnunarinnar, sem tekin voru úr notkun við endurbætur, verða boðin starfsfólki, öðrum stofnunum eða gefin í Góða hirðinn.	2020 ●
			Hugum að því við innkaup að óþarfa umbúðir berist ekki inná stofnunina. Útbúum leiðbeiningar og fræðum innkaupafólk.	2020 ●
			Komum upp stað fyrir raftæki og annað sem ekki nýtist lengur í starfseminni en starfsfólk má hirða.	2020 ●
			Gerum greiningu á samningum við bílaleigu og leigubílafyrirtæki og tryggjum að losun frá bílaleigu- og leigubílum á vegum stofnunarinnar sé sem minnst.	2020 ●
			Við munum ekki sækja fundi erlendis nema fyrir liggi skýr dagskrá og ljóst sé að við eigum erindi á viðkomandi fund.	2020-2022 ●
			Starfsfólk sem ekur mikið vegna vinnu sinnar sitji námskeið í vistakstri.	2020 ●●
			Könnum hvort grundvöllur sé fyrir því að stofnunin eignist rafhjól, t.a.m. á S24 og Akureyri.	2020 ●
			Könnum hvort rafskutlur gætu verið möguleg lausn milli bíls og hjóls.	2020 ●
			Útbúum staðlaðan texta fyrir starfsfólk til að senda á samstarfsaðila þar sem spurt er eftir möguleikanum á að taka þátt í fundum með fjarfundi og bendum á umhverfisávinning af því að bjóða uppá slíkt.	2020 ●
			Klárum það sem þarf til að uppfylla platinum hjólavottun, m.a. að setja upp hjólástæði/grindur fyrir framan hús á S24.	2020 ●
SAMGÖNGUR	Drögum úr losun GHG vegna samgangna og eflum fjarfundar-menningu	Drögum úr losun GHG um 12%	Gerum sýnilegra á vef hvernig hægt er að komast til stofnunarinnar með almenningssamgöngum og öðrum umhverfisvænum leiðum.	2020 ●
			Aukum hlut rafbílanna hjá stofnuninni. Gerum greiningu á rafhleðslustöðum á starfssvæðum landvarða og sömuleiðis bílafloata og könnum hvort einhverjir landverðir geti verið á rafbíl við störf.	2020-2021 ●
			Gerum greiningu á stöðu fjarfundarbúnaðar í húsinu og útbúum skýrar og góðar leiðbeiningar fyrir starfsfólk um notkun fjarfundabúnaðar.	2020 ●
			Hvetjum starfsfólk að vera duglegt að bjóða fólki á fjarfundi, hvort sem það eru samstarfsaðilar innanlands eða utan og jafnvel þeir sem starfa mjög nálægt okkur.	2020 ●
			Tryggjum að Umhverfisstofnun sé vel í stakk búin til að bjóða uppá fjarfundi og-viðburði.	2020 ●●
			Komum upp kerfi til að skrá fjarfundi svo við getum fylgst með fjölda þeirra.	2020 ●
			Könnum möguleikann á að koma á umbunarkerfi fyrir starfsmenn/teymi sem ná ákveðnum fjölda fjarfunda á ákveðnu tímabili.	2020 ●

- UMHERFISRÁÐ
- GÆÐASTJÓRI
- TEYMI GÆÐA, GAGNA OG UPPLÝSINGA
- MANNAUÐSSTJÓRI
- FORSTJÓRI
- TEYMI GRÆNS SAMFÉLAGS
- TEYMI REKSTRAR OG FJÁRMÁLA
- YFIRSTJÓRN

Aðgerðaáætlun Umhverfisstofnunar

Bls. 3

	ÁHERSLUR	MARKMIÐ	AÐGERÐIR	TÍMARAMMI / ÁBYRGÐ	
SAMGÖNGUR FRH.	Drögum úr losun GHV vegna samgangna og eflum fjarfundar-menningu.	Hlutfall samgöngu-samninga verður 65%	Tökum virkan þátt í Hjólað í vinnuna.	2020-2022 ● ● ●	
			Vinnum að bættri aðstöðu fyrir hjól í bílajakallara á S24.	2020 ●	
			Könnum aðstöðu fyrir hjólaíðafólk á starfsstöðvum á landsbyggðinni og hvort eitthvað sé ábótavant. Sendum tillögur um endurbætur til yfirstjórnar ef svo er.	2020 ●	
			Minum á samgöngusamninga og hvetjum starfsfólk til að gera slíka samninga.	2020-2022 ●	
			Skoðum það með forstjóra að hækka samgöngustyrkinn.	2020 ●	
			Búum til drög að fundarstefnu fyrir stofnunina í heild.	2020-2021 ●	
FRÆÐSLA	Fræðum starfsfólk um innra umhverfisstarf og önnur umhverfismál	Höldum a.m.k. 2 fræðslu-fundi um innra umhverfisstarf á hverju ári	Höldum stutt fræðsluerindi á starfsmannafundum.	2020-2022 ●	
			Höldum sérstaka fræðsluviðurðir utan starfsmannafunda.	2020-2022 ●	
			Fáum fræðslu um t.d. skadleg efni í neysluvörum og heilsu, heimajarðgerð, minna sorp á heimilum, rafbíla eða annað. Starfsfólk verður einnig virkjað í að segja frá sínum verkefnum sem öll tengjast á einn eða annan hátt umhverfismálum.	2020-2022 ● ● ●	
	Hvetjum til aukinnar umhverfisvitundar í samfélaginu	Tökum þátt í a.m.k. 4 viðburðum tengdum umhverfismálum á hverju ári	Tökum þátt í viðburðum eins og Hjólað í vinnuna, Samgönguviku, Degi umhverfisins, Hreinsum Reykjavík Saman, Plastlausum september og Evrópskri Nýtnivíku.	2020-2022 ● ● ●	
			Starfsfólk getur komið ábendingum um innra umhverfisstarf á framfæri	Útbúum stað t.d. á innrivef þar sem starfsfólk getur sett inn hugmyndir um aðgerðir/urbætur.	2020 ●
			Gerum umhverfisstarf UST sýnilegra á vefsíðu stofnunarinnar	Útbúum sér undirsíðu fyrir stefnu, skýrslur og annað efni tengt innra umhverfisstarfi. Gerum aðgengilegar á vef þær leiðbeinandi upplýsingar sem komið hafa fram í umhverfisskýrslum undanfarinna ára.	2020 ●
Hvetjum samstarfsaðila til að huga að umhverfismálum	Birtum merki Grænna skrefa á forsiðu heimasíðu okkar.	Setja upplýsingar um verkefni eða hvatningu tengda umhverfismálum í undirskriftir starfsmanna í tölvupóstum.	2020 ●		
		Stundum umhverfissvæn innkaup	Drögum úr kaupum á óþarfa og aukum hlut umhverfismerkttra vara og þjónustu	Fylgjum eftir stöðu á Svansvottun á endurbótum höfuðstöðva.	2020 ●
				Umvhverfismerktar vörur og þjónusta eru valin umfram annað í öllum innkaupum. Um þetta verða útbúnað leiðbeiningar fyrir innkaupafólk.	2020-2022 ● ● ●
GRÆN SKREF	Fylgjum Grænum skrefum	Horfum til aðgerða Grænu skrefanna í öllu umhverfisstarfi	Innkaup stofnunarinnar fylgja kröfum Grænna skrefa og stefnu ríkisins um vistvæn innkaup.	2020-2022 ●	
			Förum yfir hvort aðgerðir Grænna skrefa séu ekki örugglega til staðar í viðeigandi verkferlum og/eða leiðbeiningum.	2020-2022 ●	
KOLEFNIS-JÖFNUN	Kolefnisjöfnum losun okkar með ábyrgum hætti	Kolefnisjöfnum losun GHV vegna samgangna, úrgangs og orkunotkunar á hverju ári	Kolefnisjöfnum eftirstandandi losun með kaupum á áreiðanlegum kolefniseiningum samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar	2020-2022 ● ● ●	
			Kynnum okkur tæknilegar lausnir sem auðvelda umhverfisstarf	Metum ávinning þess að kaupa umhverfisstjórnunarhugbúnað	Fáum tilboð í slíkan hugbúnað.
AÐRIR ÞÆTTIR	Uppfærum umhverfis- og loftslagsstefnu	Uppfærð umhverfis- og loftslagsstefna verður tilbúin snemma árs og birt á vef			Metum ávinning og kostnað þess að kaupa slíkan hugbúnað.
			Rýnum og uppfærum drög að nýrri stefnu í ljósi niðurstaðna Græns bókhalds fyrir árið 2019.	2020 ● ● ●	
			Rýnum og uppfærum drög að nýrri stefnu í ljósi niðurstaðna Græns bókhalds fyrir árið 2019.	2020 ● ● ●	

- UMVERFISRÁÐ
- GÆÐASTJÓRI
- TEYMI GÆÐA, GAGNA OG UPPLÝSINGA
- MANNAUÐSSTJÓRI
- FORSTJÓRI
- TEYMI GRÆNS SAMFÉLAGS
- TEYMI REKSTRAR OG FJÁRMÁLA
- YFIRSTJÓRN



UMVERFIS STOFNUN